

LAGANEFND L.M.F.Í.

Alþingi

Nefndasvið (nefndasvid@althingi.is)

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2015

Sent með tölvupósti.

Efni: Umsögn laganefndar L.M.F.Í. um 100. mál, þskj. 100, 145 löggjafarþing, Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur farið yfir ofangreint lagafrumvarp.

Laganefndin bendir á að markmiðið með lagafrumvarpinu sé að „veita ungum brotamönnum meira aðhald og þannig mögulega koma í veg fyrir að þeir leiðist á braut frekari afbrota“. Er því lagt til að dómaraar fái „heimild til að setja viðbótarskilyrði fyrir skilorðsbundinni frestun á fullnustu refsingar skv. 57. gr. laganna í formi samfélagsþjónustu þar sem um er að ræða ungmenni á aldrinum 15-21 árs“.

Laganefndin bendir á að ef veita á dómstólum lagaheimild til að setja skilyrði um samfélagsþjónustu fyrir frestun fullnustu refsingar skv. 57. gr. hegningarlaga er óþarfi að takmarka heimildina við ungmenni. Betra væri að dómstólar fengju almenna heimild til að setja viðbótarskilyrði fyrir skilorðsbundinni frestun, enda fer að jafnaði fram ítarleg og vönduð málsmeðferð fyrir dómstólum um þá refsingu sem menn hljóta. Þá bendir laganefndin á að ef breyta á hegningarlögunum með þessum hætti kann að vera nauðsynlegt að aðlaga ákvæði laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 að breytingu almennra hegningarlaga.

Fulltrúar laganefndar LMFÍ eru reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar til að fara yfir umsögn ef þess er óskað

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar LMFÍ

Stefán A. Svensson hrl.,
formaður laganefndar

Grímur Sigurðarson hrl.